

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 5.tbl. 10. árg

Janúar og febrúar 2021



Góðan dag kæru forráðamenn og gleðilegt nýtt ár

Nýja árið sem nú er gengið í garð lofar góðu um skólastarfið í Glerárskóla þrátt fyrir það áfall sem skall á okkur í síðustu viku. Bóluefni er komið í notkun í samfélaginu okkar, smám saman munum við ná að snúa vörn í sókn og með samstilltu átaki náum við að halda skólastarfi gangandi með eðlilegum hætti.

Skólastarfið hefur, að sjálfsgöðu, tekið sinn toll af því sem á undan er gengið en í Glerárskóla hafa nemendur, kennarar og starfsfólk unnið ötullega að því að halda námi gangandi og allir hafa reynt sitt besta til að lífið gangi nokkurn veginn sinn vanagang.

Skólastarf er nú komið í nánast eðlilegt horf aftur þó enn séum við með sprittbrúsann á lofti og þurfum að sinna sóttvörnum öll sem eitt. Kennsla fer nú eftir hefðbundinni stundaskrá og allir nemendur fá þá þjónustu sem þeim er áætluð í ársáætluninni. Það ríkir bjartsýni meðal starfsfólks og nemendur eru glaðir að vera komnir í skólann aftur.

Í Glerárskóla er nú sem endranær lögð áhersla á fjölbreytileika í skólastarfi sem skiptir gífurlegu máli og einnig ábyrgðina við að vera sjálfstæður einstaklingur sem er grunnatriði við að mennta unga fólkið okkar svo þau nái að verða gegnir þegar í nútímasamfélagi.

Við viljum enn og aftur þakka fyrir samstarfið á liðnu ári og skilninginn við erfiðar aðstæður.

Við erum lærdómssamfélag og einkunnarorðin okkar eru:
„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Atburðir síðustu daga

Eins og allir vita varð bruni í Glerárskóla aðfaranótt 7. janúar 2021. Eldur kom upp út frá flugeldi en sem betur fer náði slökkvilið Akureyrar að slökkva eldinn áður en hann náði út í kennsluálmur skólans. Eldur fór því aðeins inn á geymslugang og í útigeymslur en reykur og sót fór inn í skólann við anddyri B og tengigang. Hreinsunarstarf hefur gengið vonum fram og búið er að koma rafmagni og netsambandi aftur á skólabygginguna. Framundan er vinna við að lagfæra og endurgera kjallara, útigeymslur, leiðslur, innréttingar, útihurðir og endurnýja vörur sem

skemmdust.

Á mánudaginn þegar skóli hófst á ný, voru bekkjarfundir í árgöngunum þar sem rætt var um atburðina við nemendur og þeir fengu að spurja spurninga.

Vinna við endurnýjun mun að sjálfsögðu taka tíma en skólustarfið mun halda áfram að ganga sinn gang þrátt fyrir vinnu í kjallara og við inngang B.

Við vorum heppin og horfum björtum augum fram á við með hækkandi sól.

Ábending vegna bílastæða og sleppisvæðis við Glerárskóla



Við viljum enn ítreka við alla forráðamenn þá ósk að þeir fylgi eftirfarandi tilmælum:

1. **Aka ekki inn á bílastæði sunnan við Glerárskóla til að sleppa eða sækja nemendur í skólann.**
2. Nota sleppisvæði sem merkt er á Höfðahlíð ef nemendum er skutlað í skólann
3. Hvetja nemendur til að ganga í skólann

Mikil hætta stafar af því að aka inn á bílastæðin og hleypa nemendum út þar. Mikil bílaumferð er á bílastæðunum og erfitt getur verið fyrir ökumenn að sjá nemendur í myrkrinu. Sleppisvæðið á Höfðahlíð er gott og gangbraut yfir götuna frá því sunnan megin svo mun öruggara er að nýta það. Flestir nemendur eiga gott göngufæri í skólann og því er um að gera að hvetja þá til að hreyfa sig og ganga í og úr skóla.

Glerárvision og árshátíð Glerárskóla



Glerárvision var, eins og flestir vita, frestað um óákveðinn tíma. Nú er ljóst að við munum ekk getað haldið hátíðina í hefðbundnu formi en ákveðið hefur verið að útfæra þennan menningarviðburð á nýstárlegri hátt.

Glerárvision verður því rafræn að þessu sinni og send út til allra nemenda þriðjudaginn 16. febrúar hér í skólanum með kynnum, dómnefnd og skemmtiatriðum. Þetta verður eitt heljarinnar ævintýri og spennandi að sjá hvernig nemendur vinna að því að skapa tónlistaratriði á þennan nýja hátt.

Árshátíð Glerárskóla er án alls vafa ein sú glæsilegasta á öllu Norðurlandi (finnst okkur). Enn er stefnan sett á að halda árshátíðina samkvæmt þeirri hefð sem skapast hefur síðustu tugi ára og vonum við að það náist. Undirbúningur er því hafinn og gleði í vongóðum hjörtum.

MINNUM A ENDURSKINSMERKI NU ÞEGAR MYRKIÐ ER MIKIÐ

Skipulagsdagur og viðtalsdagur í janúar 2021

Í lok janúar verða skipulagsdagur og viðtalsdagur í Glerárskóla:

Mánudagur 25. janúar:

Skipulagsdagur - Nemendur í skólafríi.

Þriðjudagur 26. janúar:

Viðtalsdagur 1 - Nemendur í skólafríi en sitja viðtöl við umsjónarkennara ásamt forráðamönnum.

Miðvikudagur 27. janúar:

Viðtalsdagur 2 - Nemendur í skólafríi en sitja viðtöl við umsjónarkennara ásamt forráðamönnum.

Panta þarf viðtöl í gegnum InfoMentor og hafa allar upplýsingar um það verið sendar heim í tölvupósti.

Viðtölin verða flest rafræn að þessu sinni vegna sóttvarnareglna en ef koma þarf í skólann í viðtal minnum við forráðamenn á að spritta hendur og vera með andlitsgrímur.

Frístund er opin alla dagana fyrir þá sem eru skráðir.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá umsjónarkennurum, ritara eða stjórnendum.

*„Gæska skiptir meira máli en viska og viðurkenning á því er
upphaf vискunnar”*

Theodore Rubin

Helstu atburðir í janúar og febrúar 2021

Janúar 2021	
25. janúar 2021	Skipulagsdagur - Nemendur í skólafríi. Frístund opin frá kl. 8:00 - 16:15
26. og 27. janúar 2021	Viðtalsdagar - Nemendur sitja viðtöl hjá umsjónarkennara með forráðamönnum
Febrúar 2021	
16. febrúar 2021	Glerárvision
17. - 19. febrúar 2021	Vetrarfrí - Nemendur og kennarar í fríi. Frístund opin frá 13:00 - 16:15 fyrir skráða nemendur

Faglegt starf í Glerárskóla

Í Glerárskóla er stöðug starfsþróun í gangi og þrátt fyrir alheimsfaraldur hafa kennarar verið iðnir við að afla sér meiri þekkingar. Eins og áður hefur komið fram hefur þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið verið einn af þeim þáttum sem kennarar hafa tekið þátt í í vetur. Verkefnið gengur út á að auka og efla læsi í eldri bekkjum skólans með því að nýta og útvíkka verkfæri Byrjendalæsis þegar nemendur eru komnir á mið- og unglingastig skólans. Læsi fyrir lífið felur þar með í sér að efla læsi

nemenda á mið-og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum en markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári með því að það fléttist inn í allt skólastarf alla daga ársins.

Læsi er lykillinn, heitir læsisstefna Akureyrarbæjar, enda löngu vitað að læsi, í allri sinni mynd, skiptir sköpum fyrir okkur öll. Það nægir ekki að geta lesið og dregið til stafs heldur verðum við að geta lesið umhverfi okkar, vera gagnrýnin á það sem til okkar kemur og taka ábyrgar ákvarðanir í framhaldi af vel íhuguðu máli.

Þau verkfæri sem Læsi fyrir lífið gefur til eflingar kennslu og náms snúa að lestri, lesskilningi, ritun, miðlun, lesfimi, samræðum, tjáningu og hlustun en auk þess eflist áhugi og virkni nemenda í náminu. Með því verða nemendur sjálfstæðari þar sem rækt er lögð við áhugahvöt þeirra og ábyrgð á eigin námi.

Verkefnið er unnið í samvinnu við MSHA (Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri) og mun verða framhaldið næstu ár.

„Leynilega uppskriftin að árangri er eldmóður.“

Walter Chrysler

Handspritt - Áríðandi

Samkvæmt sóttvarnareglum þurfa nemendur að spritta hendur við komu í skólann, þegar í matsal og þegar þeir fara heim eftir skóladaginn.

Margir nemendur standa sig vel í þessu sem er afar gott en því miður hefur borið á því að sumir nemendur virða ekki þessa reglu.

Við biðjum forráðamenn að ræða við börnin sín um mikilvægi þess að nemendur spritti sig við komu í skólann og þegar komið er í matsal.

Ef við ætlum að halda veirunni í skefjum áfram, verða allir að fylgja þeim reglum sem settar eru vegna sóttvarna. Takk fyrir samvinnuna.



Símar

Við viljum minna alla á að símanotkun nemenda er ekki leyfð á skólatíma. Því óskum við eftir að forráðamenn séu ekki að hringja né senda skilaboð í síma nemenda á skólatíma.

Ef ná þarf í nemendur vegna áríðandi mála má hringja í ritara sem kemur skilaboðum til þeirra.

Nemendur á unglingastigi hafa leyfi til að nota síma í frímínútum og matarhléi í Skýjaborgum og tveimur stofum skólans (D1 og A3) en ekki á öðrum tímum né annarsstaðar.

Vetrarfrí

Í febrúar verður vetrarfrí í Glerárskóla líkt og öðrum skólum Akureyrarbæjar en það er dagana 17. - 19. febrúar. Þá daga er Frístund opin frá 13:00 - 16:15 en skrá þarf nemendur fyrir 20. janúar 2021.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

